

um varnir gegn ofneyzlu áfengis.

Flm.: Hjördís Hjörleifsdóttir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina, að eftirfarandi ráðstafanir verði gerðar til þess að draga úr neyzlu áfengra drykkja:

1. Viðtæk upplýsingastarfsemi um háskalegar afleiðingar af ofnotkun áfengra drykkja verði hafin í öllum fjölmiðlum landsins, svo sem sjónvarpi, útvarpi og dagblöðum.
2. Löggæzla verði eflid hvað þessi mál áhrærir, þannig að núverandi áfengislög standist í reynd og séu ekki brotin.
3. Kostnaður vegna þessara ráðstafana verði greiddur úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Fáum fullvaxta mönnum mun nú dyljast, að ofnotkun áfengra drykkja meðal fjölmargra landsmanna er orðin ógnvekjandi og háskaleg meinsemd í þjóðarlíkamanum.

Ábyrgir menn hafa látið frá sér fara þær upplýsingar, að hópur áfengissjúklinga í landinu sé 4—5 sinnum stærri en hópur krabbameinssjúklinga.

Að mati Tómasar Helgasonar, læknis við sjúkrahúsið á Kleppi, eru áfengis-sjúklingar á Íslandi nú ekki færri en 2 þús.

Ból, sem af þessu ástandi stafar, er ekki og verður aldrei mælt með mælistiku né með tölum talið.

Þetta er samfélagslegt vandamál, sem snertir okkur öll á einhvern hátt og leggur okkur því öllum þá skyldu á herðar að bregðast í fullri alvöru við vandanum.

Hversu mörg heimili landsmanna hefur Bakkus ekki lagt að velli og er að leggja að velli á einhvern hátt dag hvern?

Hversu mörg börn og ungmenni hljóta ekki varanleg sálarmein vegna óreglu foreldris, foreldra eða uppalenda?

Hversu mörg og skelfingarfull eru ekki slysin, sem drukknir öikumenn valda?

Verða glataðar vinnustundir, þær er drykkjuskapur orsakar ár hvert, nokkurn tíma til tíndar?

Lengi væri hægt áfram að telja, en hér skal láta staðar numið, svo gjörkunnugt hlýtur hverjum og einum háttvirtum þingmanni að vera um þessi mál, sem nær daglega ber fyrir sjónir okkar í einni eða annarri mynd.

Hliðstæð tillaga sem þessi, um nokkurs konar herferð á hendur tóbaksnotkun, þó einkum vindlingareykingum, var flutt á Alþingi veturinn 1969—70 af þáverandi alþingismanni Sigurði Bjarnasyni o. fl. Henni var hrundið í framkvæmd með sýnilegum árangri, þannig að síðan hefur stórlega dregið úr sölu vindlinga.

Því bind ég vonir mínar við, að háttvirtir þingmenn bregðist einnig nú drengilega við og skili þessari þingsályktunartillögu minni fljótt og vel áfram út á meðal almennings í því formi, sem vænlegast sýnist vera, þ. e. a. s. á fræðilegan og fyrirbyggjandi hátt, sem einum mikilvægasta þætti í heilbrigðismálum þjóðarinnar.